

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 69 30. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 25. júní 1982.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

Nr. 351.

25. júní 1982.

## REGLUR

**um staðsetningu, losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta fyrir þilfarsskip, og búnað til að komast í gúmmíbjörgunarbáta.**

### 1. gr.

- 1.1. Gúmmíbjörgunarbatum skal þannig fyrir komið og frá þeim gengið um borð í skipum að hægt sé að losa þá til sjósetningar með einu handtaki frá minnst tveim stöðum í skipinu, (fjarstýring).
- 1.2. Alltaf skal hægt að losa gúmmíbjörgunarbát til sjósetningar frá þeim stað, þar sem hann er staðsettur, og frá stjórnþalli á skipun, sem minni eru en 500 brl.
- 1.3. Í hverju skipi skal einn gúmmíbjörgunarbátur vera með viðurkenndum sjóstýribúnaði.

### 2. gr.

- 2.1. Staðsetning gúmmíbjörgunarbáta og sjósetningarbúnaður er háður samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.
- 2.2. Þegar um ný skip er að ræða, skal skipasmíðastöð senda Siglingamálastofnun ríkisins til athugunar og viðurkenningar sérstaka teikningu, er sýni staðsetningu allra hjargtækja skipsins. Skal þar taka tillit til:
  - 1) Að hjargtæki séu staðsett sem næst vistarverum áhafnar og þar sem skipshöfn er við störf.
  - 2) Að nægjanlegt rými sé til athafna við þann stað, sem fara skal frá í hjargtækið.
  - 3) Að engin tvö hjargtæki séu þannig staðsett, að þau geti torveldað notkun hvors annars.
  - 4) Gúmmíbjörgunarbátar skulu vera þannig staðsettir og fyrir komið, að þeir komist með öryggi út fyrir borðstokk og í sjóinn, þótt skip hallist 60° í gagnstætt borð við sjósetningu bátsins. Sérstaklega skal hugað að því, að gúmmíbjörgunarbátur geti ekki lent inn undir neðri þilför skips, í stað þess að komast í sjóinn.
  - 5) Leggist skip á þá hlið, þar sem gúmmíbjörgunarbátur er staðsettur, skal hann fljóta upp, þegar fjarstýrð læsing hefur verið opnuð.
  - 6) Ekki mega stöðir, stög, né aðrar hindranir verða fyrir við sjósetningu gúmmíbjörgunarbáta.

### 3. gr.

- 3.1. Á borðháum skipum, þar sem hæð, sem komist verður í gúmmíbjörgunarbát frá, er meiri en 5 metrar yfir sjávarfleti á kjölréttu létthlöðnu skipi, skal vera sérstakur búnaður til að komast frá skipi í gúmmíbjörgunarbát.
- 3.2. Slíkur búnaður getur verið uppblásin renna, uppblásið rör (slanga) eða annar búnaður, sem háður er viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins, fyrir hvert einstakt skip.

## 4. gr.

- 4.1. Við fyrstu búnaðarskoðun þilfarsfiskiskips, sem gerð verður eftir 1. mars 1983, skal hvert skip vera með losunar- og sjósetningarbúnað samkvæmt grein 1.1. og 1.2. Við fyrstu búnaðarskoðun þilfarsfiskiskips, sem gerð verður eftir 1. september 1983 skal hvert skip vera búið viðurkenndum sjóstýribúnaði samkvæmt grein 1.3.
- 4.2. Við fyrstu búnaðarskoðun annarra skipa, sem gerð verður eftir 1. september 1983, skal hvert skip vera með búnaði samkvæmt þessum reglum. Siglingamálastofnuninni er heimilt að veita frest, ef vandkvæði verða á að framkvæma nauðsynlegar breytingar.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 25. júní 1982.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

22. júní 1982.

Nr. 352.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á ráðgerðri legu Norðurlandsvegur frá Einbúalæk í Víkurskarði að Fnjóskadalsvegi hjá Víðivöllum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið 22. júní 1982 staðfest uppdrátt af ráðgerðri legu Norðurlandsvegur frá Einbúalæk í Víkurskarði að Fnjóskadalsvegi hjá Víðivöllum.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

8. júní 1982.

Nr. 353.

## AUGLÝSING

um umferð í Njarðvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Njarðvíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar þessar reglur um umferð í Njarðvík:

1. Vallarbraut verður aðalbraut og umferð aðliggjandi gatna háðar biðskyldu samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Biðskylda verður þó á Vallarbraut við Hjallaveg.
2. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Hlíðarvegi við Holtsgötu.
3. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Hraunsvegi við Hlíðarveg og Móaveg.